



FLÓRGODINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Foreldradagur
- Heilsdagsskóli á foreldradegi
- Forvarnarátak um áramót
- Foreldrafélag á vorönn

Frá foreldrafélaginu

Forvarnarátak um áramót.

Eins og fram hefur komið á heimasíðu skólans - og foreldrar barna í unglingadeild urðu varir við - þá hringdu meðlimir foreldrafélagsins í alla foreldra barna í 8.-10. bekk rétt fyrir áramót og hvöttu foreldra til að njóta gamlárskvölds með börnunum sínum. Þetta er orðinn árviss uppakoma og er hún unnin í samvinnu við bæjaryfirvöld, ÍTH, lögregluna og forvarnarfulltrúa. Foreldrar barna í sjöunda bekk fengu SMS með sömu skilaboðum.

Þessu framtaki hefur jafnan verið mjög vel tekið og virðist ríkja almenn ánægja meðal foreldra, sem undantekningarlítið lýsa því yfir að fjölskyldan sé saman á gamlárskvöld. Það var því með nokkurri undrun sem sá sem þetta ritar keyrði framhjá nokkrum hópum 10-12 ára barna sem völsuðu um og skutu upp flugeldum eftirlitslaust í hverfinu milli 2 og 3 um nóttina. Eitthvað virðist því boðskapurinn hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá sumum. Vonandi hafa þó allir átt ánægjuleg áramót og fara fullir eftirvæntingar inn í nýtt ár.



Starfsemi foreldrafélagsins á vorönn

Starfsemi foreldrafélagsins einkenndist af forvarnarverkefnum á haustönn, en nú ætlum við að snúa okkur að menningunni, enda hefur hún vissulega forvarnargildi. Áform eru uppi um að efna til leikhús og/eða tónleikaferða(r) og svo er undirbúningur undir vorhátíð skólans þegar hafinn. Foreldraróltið heldur líka áfram með dyggri aðstoð bekkjartengla.

Erlendur Geir Arnarson
Foreldrafélagi Áslandsskóla

Í ÁSLANDSSKÓLA BÍÐUM VIÐ Í RÖÐ EFTIR KENNARANUM

Heilsdagsskóli á foreldradegi

Þriðjudaginn 31. janúar er foreldradagur í Áslandsskóla. Þann dag koma nemendur ásamt forráðamönnum til viðtals í skólanum.

Heilsdagsskólinn verður opinn þennan dag. Þeir sem hyggjast nýta sér þá þjónustu verða að skrá börn sín í síðasta lagi fyrir hádegi mánudaginn 30. janúar.

Þá þarf að ganga frá greiðslu fyrir ofangreindan tíma.



Ungmennabúðir fyrir 9. bekk

Nemendur í 9.-MR og 9.-BH, halda í ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal vikuna 24.-28. apríl næstkomandi.

Markmið búðanna er m.a. að:

- Efla sjálfstraust, samvinnu og tillitssemi
- Hvetja til sjálfstæðra vinnubragða
- Kynnast heimavistarlífi
- Fræðast um söguslóðir
- Fræðast um mikilvægi forvarna
- Kynna ábyrgð fjármála
- Fræðast um mikilvægi hollra lífnaðarháttá
- Kynnast jaðariþróttum

Rétt er að geta þess að til þess að fara ferðina þurfa nemendur að hafa stundað námið af kostgæfni og ástundun þarf að vera mjög góð. Að öðrum kosti sækja nemendur hefðbundið nám í Áslandsskóla meðan hinir fara í ferðina.

Nánar síðar.

Skólabúðir á Laugarvatni

Nemendur í 7. - SER og 7. - HF halda í skólabúðir á Laugarvatn dagana 25.—28. apríl næstkomandi.

Umsjón búðanna verður að miklu leyti í höndum nemenda í íþróttavali í Kennaraháskóla Íslands ásamt nemendum í tómstundafræðum frá sama skóla.

Nemendur munu hafa gott aðgengi að þeirri frábæru aðstöðu sem er á Laugarvatni og dagskrá verður fjölbreytt og skemmtileg.

Gist verður í Íþróttamiðstöð Íslands við vatnið.

Rétt er að geta þess að til þess að fara ferðina þurfa nemendur að hafa stundað námið af kostgæfni og ástundun þarf að vera mjög góð. Að öðrum kosti sækja nemendur hefðbundið nám í Áslandsskóla meðan hinir fara í ferðina.

Nánar síðar.

Í ÁSLANDSSKÓLA HÖLDUM VIÐ GÖNGUNUM HREINUM



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandss@ismennt.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri